Enn mig grunar áform hanns illa luckast kunne, nú skal falla fræda danns, fyrst í lióda grunne.

Madast tekur maals uñ fron, mardar streingur luinn, þennann ecke þackar Jon, þar er hinn fyrsti buinn.

13da Riima.

Frosta skeidinn furdu naum, fram skal ítt á sonar mar, Valfødurs af vara straum, verdur eige hladinn par.

Edda sneidir mæt hiá mier, má þar ódann vísdóm fá, higgnum mønnum hentast er, hennar af funde fródleik ná.

Bágt vill gánga lióda leid, læst eg hefia qvæda danns, valla flítur fræda skeid, fram úr nausti þagnar ranns.

Adann skildist eg þar við, ofners torgar lundur dýr, heimann reid med hollda lid, hradt til borgar **Adils** sudr.

Ute um stræte þuste þiód, Þeingils villdu prýde siá, virdar sogdu vopna riód, vænstann manna jordu á.

Hielldu so til hallar nú, hófa dýrenn sporum slá, oll nam skiálfa Yggiar frú, er þeir rída vollenn á.

Ut kom siálfur **Adils** þá, ofurlega gladur var, ugger mig ad illskann slá, under hafe búed þar.

Gramur þá vid garpa qvad, gisting þeim til reidu sie, Tiggia hesta taka bad, tiorgu riódur uppá spie.

Bavdvar næstur Budlúng stód, beittre girdtur unda þiel, hialade vid Hilmers þiód, hestanna þier giætid vel.

Láted toppa læge í, líka toglenn eirum med, giæted svinner glogt ad því, grand þá eckert fáe skied.

Adils

Adils þetta fregnar fliótt, fylltist reide ſtála grer, mællte hann vid meinged hliodt, minum rádum giegne þier.

Hrolfs ef meiged heſtum ná, hegded þvi ſem nú fæ tied, úr þeim ſkierid ollum þá, enniſs ledur og toglinn med.

Látid ſagde laufa grer, lífe naumaſt hallda þá, því nam lofa Þeingils her, þeir munu ſídar laumenn fá.

Ad hallar dirum Hrolfur ſnír, horfenn þegar Adils var, ſá þad giorla ſverda tír, ſiñte hann eige gieſtum par.

Svipdagur vid Segge qvad, ſíſt mun nú á vondu hlie, hofum vier eingenn ord um þad, af oſs hvor ad Kongur ſie.

Græders mællti gloſſa freyr, gack þú Herra eftir mier, ſo ad eige þecke þeir, þig i vorum flocke hier.

Svipdagur i Kappa krans, kaſkur undann gánga ried, Bavdvar filgde beiter brandz, bar hann i rómu kallmanns gied.

Efter gánga adrir þá, eins og fyrre ſkickad var, hvor og einn ſem hermt er frá, hauk á ſínum arme bar.

Hauk

Haukur Sióla holtur var **Hálbrok** nefner Sagann þann, frægd af ollum fuglum bar, fanst ei slíkur heims um rann.

Þurfte eige metast meir, marga vid i þetta sinn, sáust eige sveinar þeir, sem þeim skylldu bióda inn.

Bragnar heim til borgar gá, beittre girdter unda þiel, tálgrafer vid turnenn siá, og torfærur med allskins viel.

Óhægt virdtist ullum stáls, inn ad gánga fyrer hann, Fylkir seigia fullann táls, slærder og nóga hrecke kann.

Adils Kóngur **Svipdag** sá, sem innkiemur á gólfed midt, láttu heira hann nam tiá, hvort er vinur erende þitt.

Mun ei sá sem þyneft mier, Sióle talar med lyndid bist, er i þinu enne ber, augad hefur þú líka mist.

Halurenn ansar Hilmir þá, harla fliótt og þanninn tier, eg vil greidann af þier fá, ádur sem þú lofader mier.

Þessu játa Næsir ried randa briótur þannenn qvad, gánged inn med erugt gied, ottalauft i þennann stad.

Graf

Grafir voru giordar þar, gólfe hallar vídu á, enn so mikid mirkur var, mártu þeir eige Adils siá.

Allt i kringum Hilmirs holl, hvttum reflum tialldad var, búid og sett med bregdinn fuisll, briniad fólk var under þar.

Undann tiolldum þegna þiód, þuste fraṁ á hallar golf, búenn út i branda flód, Budlúng vid og hina 12.

Hrotta magnaſt hrídinn laung harder ſkyllder brotna smátt, glumde múr vid geira saung, gyllter hiálmar hoggner brátt.

Kappar Hrolfs med klóta vond, klufu margann stála freyr, ítum veittu æfe grond, ótal manna felldu þeir.

Reidde Kóngur rogners elld, reckum morgum veitte deyd, urners klýfur fóta felld, fagrar briniur hiorinn sneid.

Skiálfa þótte vidris vfl, vodalegt var geira hregg, margur vard ad missa líf, madur firer Skófnungs egg.

Leid so enn um lánga stund, líður ecki kiende Hrolf, lagade blod úr breidre und, búkar þoktu hallar gólf.

Þegar

Þegar Adils þetta leit, þruteñ vard af heiftar mód, svídur miog i sinnu reit, sier hann falla borgar þiód.

Miog var efter folkid fátt, furdu margur daudur hnie, Adils Kóngur hrópar hátt, hvada látum þetta sie.

Limskufullur Lofdúng tier, liet sem villdi sætta þá, minum vilia móti er, menn ókiendir greida ei fá.

Slídrid aftur stálinn jstinn. stillid allann vopna klid, Hrolfur Kóngur mágur minn, med oss taktu hvíld og frid.

Svipdagur ad sæte snúr, settist nidur fyrstur þar, Hiallte næstur hringa týr, Hugprudi so kiendur var.

Brognum næstur bordid vid Bavdvar sat og Kóngur enn, hagade þvi so hollda lid, Hrolf ei skylldu þeckia menn.

Svarade Adils sie eg þar, sætum illa hagad er, mannvirdingum ongvum ad, atled nú ad fara þier.

Stansar mig qvad þorna þór, þier hafid eige meira lid, helld eg þad sie hætta stór, hvad sem kann ad liggia vid.

Svip-

Svipdagur þá svarade hátt, somde betur Adils hitt, þú bioder Hrolfi bót og sátt, besta er þad ráded mitt.

Læst þú fagna laufa thr, Lofdúng þad ei varast kann, gridnidingur giæfu rír, gyrnest þú ad svíka hann.

Þó vid hofum líted lid, laufa þór vid randa jel, oss mun stidia audnann vid, einhvor kannskie fáe hel.

Fyrdar sídann felldu tal, Fylkir bad ad ræsta holl, bragnar út úr Budlúngs sal, bera nádu líkenn oll.

Fiolde hafde fallid þar, Fylkirs þotte tigninn smád, Adils illa bonded dar, borgad var honum spott og hád.

Millding lætur merkia ei, mislíke sier þetta neitt, huxar Gramur i þagnar þey, þeim skuli sídar launinn veitt.

Fieck þad eige framűqvæmt þó, frá honum giæfann sneida kann, i þá grof sem odrum bió, ofann hrapa skálfur vann.

Vondann enda falsid fær, fordist menn þann illann sid, Herra sinn um hálsinn slær, hefur so laungum vidbord.

Bud-

Budlung tok ad brugga rad,
so brognum giati unned deyd,
har skal nu vid hagnar lad,
protinn standa dverga skeid.

14da Riima.

Dvalins verdur dúggu fram ad hrinda,
gieds af landi máls á mid, mier ef einhvør veitte lid.

Betur skylldu eg bragar sníde vanda, ef jeg hefde á thvi tok, óma giøreft veidinn løk.

Thá adrir feingu Asa miødinn dyra, sem Nggur heim i Asgard bar, eg thar fiærre staddur var.

Bad mig runnur bruna vallar lióma, samann negla frosta far, fyrer sig til skiemtunar.

Dik eg thangad vidris horna blandi, Dana Kongur og Doglings thiód, dráthu menn um borgar slód.

Lángelld mikinn, Lofdúng baud ad kinda, giestunum til gamans thá, gólfe hallar vídu á.

Skiold-

Skiolldúng mællti skilst mier ráð ad fagna, alúðlega ollum þeim, er oss giora ad sækia heim.

Kappar skoann kinda elld i hollu, bera þar á bik og vid, borgad mun þeim ómakid.

Virdar Hrolfs med vopnum jafnann sátu, trigdum Adils treystu lítt, talade hann þó laungum blídt.

Siálfur Adils sat á einum stóle odrumeigenn elldenn vid, og i kring hanns briniad lid.

Hinumeiginn Hrolfur sitia náde, og hanns Kappar út i frá, albriniader Sióla hiá.

Gódir viner giorer so Adils mæla, offogum ei mæla má, megne Ydar og hreyste frá.

Kindid betur Kónguренn Adils sagdi, sie jeg ei gloggt hvar Sikling er, sióner taka ad dapraſt mier.

Kienne eg giorla Kiempur Dana Ríkia, þó ad Ydur volgne vid, veit eg eige flýe þid.

Villde Adils vita glogt med sanne, hvor af ætum Hrolfur var, hann so yrde kiendur par.

Meinte hann ad munde Hrolfur eige, standast kunna elldinn eins, og peir harder runnar fleins.

Audvelldara Adils sier pá hugde, Hrolf ad taka hondum pá, hinum ef mætte peckiast frá.

Fiædar skildu falska meining Sióla og hlifdu Kónge hiálmum med, hann so ongver feingu sied.

Hafde Hrolfur heitid pvi med sanne, ei ad fliá elldsins bál, óttast hvorke járn nie stál.

Visse hann Adils villde raun til gisra, ad bragnar skylldu brenna par badid heitt úr máta var.

Adils Kóngur undann horfa náde, hallar settist veggenn vid, vaxa tók pá elldz neytid.

Prifur Bavdvar par næst einn sem kindti, og fram á logann fleyia vañ, fanturinn par til osku brann.

Svip-

Svipdagur fór so med annann lika, **Hiallti** greip hinn þridia þá þrælnum fleigde bálid á.

Bavdvar mælte baked yckur núna; til þess kominn einginn er, annar betur enn siálfir þier.

Idnir voru þier ádann miog ad kinda, niótid þess sem þid hafid veitt, því ad oss er nógu heitt.

Þordi einginn þegnum hiálp ad veita, itar brunnu aller þar, efter því sem líklegt var.

Hrólfur Kóngur hof so rædu sína, ei skal flýa elldinn hier, yfir hann þó hlaupum vier.

Bálid yfir Búdlúng hlaupa náde, og hanns Kappar aller þá, **Adils** Kónge villdu ná.

Viek sier undann vonurinn illsku diarfe, og so komst á einu tre, út þar hlióp med fiolkinge.

Adils Kóngur **Yrsu** sinna náde, skriftade honum skarlatz ná, skotti og sneipu fieck hann þá.

Drottninginn þar deilde fast á Tiggia, veit eg þad qvad sætann svinn, svikid hefur þu Fodur minn.

Sídann villtu Son minn láta deyda, fyrer honum qvad fallda brú, fenu giorir ad hallda þú.

Allra bragda eg skal samt vid leita, ad Fylkir náe fenu af þier, fáer þú skom̃ sem maklegt er.

Ecke mun eg Adils Kóngur sagde, aftur koma i augsýn þeim, eda giallda brendann seim.

Talid skildu Trodann hrings og Sióle, Nrsa gieck á Fylkirs fund, fagnar Hrolfur menia grund.

Drottning fieck til diggvann svein med prýdi, þennann itum þióna liet, þesse madur Vøggur hiet.

Kesiu briótur qvadde Hrolf med sóma, þessi Kraki þike mier, þunnleitur hann Vøggur tier.

Brosande þá Budlúng ansa náde, nockud muntu nadda grer, i nafnfestina giefa mier.

Ei

Ei qvadst **Voggur** aud nie penıng hafa, Skiolldúng mællte skylldt er þá, skuli giefa er meira á.

Budlúng átte biartann hring af gulle annar slíkur ei fannst þar, Edalsteinum settur var.

Ræser gaf honum rínar liómann biarta, þackar **Voggur** þetta þing, þáde gladur nodru bíng.

Gramur sá hann gladdest miog vid þetta, **litlu verdur** (Vísir qvad), **Voggur feiginn** sie jeg þad.

Innte **Voggur** Ydar skal eg hefna, lífs ef audnast leingur mier, láteſt þú fyrer monnum hier.

Bauga runnar biuggust þá til náda, óhrædder med ollu þar, i herberge Dróttníngar.

Voggur bad þá vareigd á sier hafa, Kongurinn leggur kapp þar á, ad koma yckur lífe frá.

Gollt einn mikinn Gramur blótad hafde, med fiolkínge magnadann, má ei nockur sigra hann.

Má vel skie hann munne enn qvad Sióle, sneipu þá hann fyrri sieck, frá oss þegar ádann gieck.

Efter þetta itar sofna hugdu, breste heirde Budlúngs lid, borgenn tók ad skiálfa vid.

Í því bile inn á gólfid vendi, gollturinn so geise stór, greniande um húsid fór.

Hrolfur Kóngur hund einn stórann átte, grimmur miog vid geira þrá, **Garmur** hiet ad nafne sá.

Þegnar honum þegar á gólfid etia hardann adgang hofdu þeir, hundurinn þó særest meir.

Bavdvar sá ad sigrar hundinn mæde, þvert um galltar hrigginn hió, hvorge bítur **Laufinn** þó.

Rackinn greip i galltar eirad hægra, kinnena ofann ad kiafte reif, kialkinn tómur efter bleif.

Gollturenn þá i gólfid hverfa náde, sást hann eige sídann þar, sigradur med ollu var.

Kóngur

Kóngur Adils kominn var med bragna, og i húsid ellde slá, ætludu menn ad brenna þá.

Bavdvar tier þá bálid leit hañ qvikna soddann daude illur er, ef vier skulum brenna hier.

Miklu helldur munda eg kiósa vilia, bana fá i branda slag, enn brendur verda hier i dag.

Þike mier rád á þilinn upp ad hlaupa, og hallar veggnum hrinda frá, hættum til ef vinnast má.

Odlíng mællti ósca ráð er þetta, þilenn brutu itar oll, út so komust þeir úr holl.

Bragnar líta briniad fólk um stræte, Adils Kóngur og oll hanns þiód er kominn med grimdar mód.

Aukast tok þa odda jelid dimma, bregdur sverdum beggia þiod, buinn er eg med þennann od.

15da Riima.

Hef eg i sinne hætti breita hlies fyrir glóda mætann lund, máls af inne hródre hreita hønum bióda eina stund.

Gyrnist øldinn giørdar støkur gaman i máta þeckast er, þegar á qvølldinn vaxa vøkur vísenn láta skiemta sier.

Mitt þar audi mærdar flaustur máls i lande brostid stód, orustu hádi herenn traustur; huie fyrer brande Adils biód.

Kiempur Dana brandi beittu, Budlúng framur sínde lid, morgum bana manne veittu, miog voru ramer hilldi vid.

Herians lióma Hrolfur reiddi, hetiann besta ongvu kveid, meidir skióma margann deydde, menn og hesta hiorenn sneid.

Haukurenn snar frá hollu vende, hyrt nam kvaka fuglenn sá, Haabrock þar sinn Herra kiende, handlegg Kraka settist á.

Sídann lætur sem hann villde, sigre hrósa feingnum þar, Bavdvar

mætur

mætur meining ſkilde, málma glóſar runnur ſnar.

Hef eg á grun ad hann nam ſkrafa, haukurenn mæte ſeige þier, eitthvad mune unned hafa, af þvi kiæte mikla ber.

Eirn var madur i hollu heima, hauka ſkilldi geima ſá, i loftid gladur giæter ſeima, gieck og villde ſkoda þá.

Sorg nam aukaſt ſviftiſt gaman, ſá hann dauda liggia þar, Adils hauka alla ſamann, af þvi kauda ſútenn ſkar.

Þegar ad bragde briótur ſkiallda, Budlúng iinna giorde frá, Hrolfs þvi ſagde hauka vallda, hvorge finna ſlíka má.

Hvarf eg frá þar holldar ſtriða, hnieg i kiſe borgar þiod, fólkid þá um frónid vída, fátt med life efter ſtod.

Jtar mættu æfetióne, einginn gietur hefnt ſín þar, enn er hætti orſva ſóne, Adils tetur horfid var.

Sagt er lídir frelſe feinge, ſkeina klid ſo endad var, Ódlíng bídur Adils meinge, þllu grid er lifde þar.

Heim til borgar **Hrolfur** vende,
hofdínglegur og menta snar,
ongrar sorgar olldinn kiende,
unnenn sigur i stríde var.

Bavdvar gieck ad maktar manne,
móens fitia sagdi grer,
á hverium beck i Hilmers ranne,
Herra sitia vilie þier.

Kóngs i sæte sagde Gramur,
sitia skylldi og þanninn tier,
Bavdvar mætur sóma samur,
seggurinn gillde næstur mier.

Hrolfur setst i sæted Tiggia,
so hanns mæter Kappar 12,
veitslu besta virdar þiggia,
vínid kiæter minnes gólf.

Adils bió med illu lyndi,
eige villde i hollu gá,
huxar þó i hyriar vinde,
hollda skyllde líf'á.

Hialiti tier vid Tiggia sveina,
tokum mæta fáka heim,
þiki mier qvad meider fleina,
mál vier giætum snart ad þeim.

Eirn þá madur út nam ganga,
Bdlings sveirn ad þetta var,
inn kom hradur eidir spánga,
eige seirn i mále par.

Sá

Sá mun valla frettum fresta, finnur Tiggia og gaf þad svar, seiger hañ alla Siklings hesta, særda liggia úte þar.

Gramur tier med giedi hreinu giordann skada ei syrgia má, þetta fer hier flest ad einu, Fylker qvad og brosse þá.

Drottning gieck i Doglings hollu, dýrann qvadde arfa sinn, fagnar reck og fólke sniollu, tyrda gladde snótinn svinn.

Eider mætur móens sitia, menia hilldi fagna ried, hiá sier lætur sídann sitia seggurinn gillde prýde med.

Lauka brú hin lindess þída, liúfust tier vid Kongenn þá, síst er nú qvad slioded fríða, fagnad þier sem vera á.

Ecke skalltu sætann sagde son miñ leinge dvelia hier, á morgun hallda burt ad bragde, búenn er helia annars þier.

Sikling er ad safna lide, um sió og land qvad menia brú, atlar þier í odda klide, æfegrand ad vinna nú.

Ugg-

Ugger mig ad Ydar gipta, orke meir enn vondſka hanns, vidur þig þó vilie ſkifta, vopna freyr i hiorva dañs.

Menia norn vid mætann Tiggia, mællte þá med linde greitt, hier er Horn ſem þú ſkallt þiggia, þvílíkt má ei finnaſt neitt.

Fullt er þad med gullid góda, giet eg hier ei nockru líkt, ſætann tier vid Sikling þioda, ſómer þier ad eiga ſlíkt.

Raudann hríng af rínar ellde, reckurenn víſe gief eg þier, ſoddann þíng ei ſieſt um vellde, Svíagrís ad nafni er.

Þennann hríng eg tók frá Tiggia, trúi eg ei finne þvílíkann, móens hríng nam Millding þiggia, módur ſinne þacka vann.

Gull og fe þeim geyra runne, giorde velia Drottníng þá, móens bed ei meinged kunne, morkum telia jordu á.

Bavdvar þáde báru lióma, Budlúng af med ſæmd og prís, þacka náde þundur ſkioma, þeim er gaf honum mundar ís.

Fram

Fram liet leida flióded þída, fáka 12 i einum krans, gargans heida grundinn þída, gaf þá Hrólfi og monnum hanns.

Beisla mar sem Budlúng hlítur, bestann tiáde olldinn þann, alkteins var og haukur hvítur, hiort á láde sigra kann.

Vallde bæde vopn og hesta, virdum Tiggia snotenn blíd, god herklædi og gripina besta, garpar þiggia auds hiá hlýd.

Hringa gná ad Hrolfur frette, hvort þad se ei meira var, sem haun á med eiguar riette, enn útbýtt sie af henne þar.

Þetta fe er miklu meira, mællte kraka sáda guá, enn þad fie sem eidir geira, á ad taka Könge hiá.

Hafa þier og mátma meidur miklar frægder aukest nú, feingid kierinn fremd og heidur, fiárens nægd og linna brú.

Búed Ydar best sem meiged, brinu skrídist aller menn, því er midur ad þier eigid, orfva hríd fyrer hondum senn.

Efter

Efter það sem eg vil greina, Öðling mætur lyndiss hýr, biost á stað með sína sveina, soðla lætur hósa dýr.

Mintest hír við módur sína, mikinn trega snotinn bar, erfva týr og audar lína, ástsamlega skildu þar.

Hilmir reið með horska bragna, heim á veg sem greint er fyr, litars skeið við lautir þagnar, lendi treg í grýdar byr.

16da Ríma.

Fals skal hræra feriu enn, fram úr nausti lióða, kvædinn næra aftur enn, ef það læra villdu menn.

Giöre eg inna þídre þiód, þátt af HROLFI KRAKA, Sögunna tvinna samann í lióð, sú er vinna þeige góð.

Berlings skeið við bodnar sund, brotna fyrri náde, Hrolfur reið með hyra lund, heim á leið um yggiar sprund.

Gilfi sier á gauta frú, gullhring einn og sagde, lángt mun þier og það er

er mín trú, þikia hier so einum nú.

Sier af hende seiger spil, Siólf gullhring tæke, i gotúna rende unnar il, og honum sende gamans til.

Kiempur Dana vorumst vier, vondann hring ad taka, sá vill bana brúgga mier, birde grana er lagdi hier.

Hann mun eiga hellst i stad, hindra reisu vora, gargans teiga geimer qvad, garpar meiga varast þad.

Lundar geira lofúdu því, lester jólners skrúda, þar næst heira hardamn gný, her nam keira lands um bý.

Oteliande illsku lid, ad þeim giorde stefna, fúser randa fremia klid, fátt má standa slíku vid.

Herem tryllti þesse þá, þakte landsens grunder járn vid hillde báru blá, biarta skylldi liómar á.

Í þeim flocke þegnar þar, þecktu Adils gamla, hár á skrocke hlífar bar, hilldar rocke klædbur var.

Líder blása ludra i, leikur jord á þrœde, fákar mása miog af því, mœdder rása fróns um bý. Þess-

Þesser rída efter ótt, ansa **Bavdvar** náde, vid skulum bída virda sliótt, vid þá strída einka skiótt.

Villdi eg ættu eflaust fá, erendiss korn med riettu, ádur enn hættu odda þrá, so itar mættu seigia frá.

Gofugur náde Gilfe dýr, Gullhorn sitt ad taka, i gotuna sáde Hilmir hýr, her á láde þángad snýr.

Lagde víða liómann frá, lands um býgd og stræte, efter rída itar þá, er hid frída gullid siá.

Ad því gáde olldenn lítt, efter **Hrolfi** ad sækia, samann á láde safnast títt, silfrid nádu gyrnast frídt.

Osampiker urdu þá, af því nodru bóle, ad sier hnicker hvor sem má, heimskir gicker flugust á.

Reidur bidur randagrer, recka þessu ad hætta, betra er Ydur Budlúng tier, bragna vidur, strída hier.

Sú mun vídar heims um hvólf, hrópleg sognum fara, ad þeir rída undann 12, ei vid strída þored **Hrolf**.

Aung-

Aungvu giegna itar þar, eige lietuſt heira, reide megna Ræſer bar, rika þegna ávítar.

Adils tetur ólmaſt nær, undann hernum þeiſte, reid ſem gietur illſku ær, eſſid hvetur lemur og ſlær.

Greinum frá i giedinu hreirn, Gilſi Dana Rikia, giorde ſiã hvar **Adils** eirn, ellte þá til digda ſeirn.

Sinne hende Hilmer af, hringiſt tók hinn væna, hiors þann bender gullſkord gaf, i gotuna rende jotna ſkraf.

Ofners bínginn **Adils** ſá, eſſid ſtodva nádi, qvadſt nú hringinn þeckia þá, þann Drottníginn tók ſier frá.

Mællti hinn lióte meider brands, maklegt þiki mier vera, ad jeg hlióti ofners krañs, ei ſo nióte **Hrolfur** hanns.

Gramur vende giarda mar, gagnvart nodru bóle, ſpiót i hende bófinn bar, baug á rende hringſens þar.

Drfva týr þá áfram laut, ad ſier kippa villde, **Hrolfur** ſnýr ad geira

J gaut

gaut, giæfann rír hanns **Adils** þraut.

Hilmir reidde hiorenn blá, hondum tveim af megne, illa meidde **Adils** þá, Endann sneidde krikum frá.

Sigthrs eisu eggenn skar, allann stiel af Kónge, arma hneysu **Adils** bar, illa reisu feck hann þar.

Hrolfur bidur Þeingil þá, þeirre sneipu ad hallda, sísn var Ydur fordum á, Þeina bidur mig ad siá.

Kienna meigid **Kraka** hier, Kóngenn Dana Ríkia, heims um veige hvar þú fer, helld jeg eige mark á þier.

Adils mæddu meinleg fár, makleg var sú sneypa, tídum blæddu unda ár, aungver græddu þvílík sár.

Hilmir snar vid hrotta fund, hringnum aftur náde, skilde þar vid skióma þund, Skiolldúng var med reida lund.

Flestallt lid sem filgdi reck, fyrdar drepa nádu, i odda klid so ákaft gieck, einginn grid nie vægder feck.

Burtu

Burtu rída þegnar þeir, þar við **Adils** skildu, æ med qvídanu efter þreir, alldrei sídann fundust meir.

Dag þann allann dreinger ótt, dhrer rída nádu, **Grana** kall þeir fundu fliótt, fretta small þá spurde skiótt.

Hvort so geinged hefde þeim, hañ sem ádur sagde, þar næst feinged sæmd og seim, sigrad meinged vídt um heim.

Briniu eina bíd eg þier, bóndinn qvad vid Tiggia, skiolldinn hreina halurinn tier, Hirdir sleina þigg af mier.

Kát nam spialla Kiempann frid, qvadst ei vopn hanns þiggia, þvílik valla þiena lid, þau má kalla fárlegt smid.

Grana þotti Gilsi sier, giora smán i slíku, helldur liótt hann bragdid ber, bistist ótt og þanninn tier.

Vel hagfelldur varst ei nú, Vísir þier i slíku, eitthvad velldur er mín trú, eflaust gielldur siálfur þú.

Er mín hyggia einhvorn tíd, yderast muner þessa, villt ei þiggia vopneñ frid, vís er Tiggia hefndenn stríd.

Bóndinn var med bræde snid, baud þeim ongvann greida, Tigge snar og tiguar lid, tesia þar ei leingi vid.

Burtu rída bragnar þá, bóndann qvoddu eige, heiftenn stríd i huganum lá, horfenn blída var þeim frá.

Bavdvar hier sem giet eg greint, giorde stadar nema, reckurinn tier vid Ræser leynt, rád kom mier i huga seint.

Vier hofum ádann víst til sanns, vorum neytad sigre, og forsmádum eider brands, ecke þádum greidann hanns.

Millding ríke mællte þá, mun þad Odinn vera, kvalanna dýki komenn frá, kallz i líke oft sier brá.

Illa skaftur augad ber, eitt i sínum hause, eirn þá raftur randa tier, rídum aftur þángad vier.

Hilmir snar sem hradast má, heim nam aftur rída, bóndann þar ei bragnar siá, bærinn var og horfinn þá.

Millding snír og hetiur hanns, heim i Dana Ríki, frægdenn skír af sleiger brands, fretteſt dýr um álfur lands.

Mun

Mun eg ei leingur mærdar skra, meir ad sinne teigia, seint mier geingur Sóguna a, svidris seingur byda maa.

17da Ríma.

Fram skal renna fiólners skeid i Ifálu vindi, vidris hreisa vana blandi, være nockur áhlídande.

Adur brant eg austra far og eiddist Ríma, i Danavellde sat med sóma, Sikling prýddur hefd og blóma.

Bavdvar qvad þad besta rád ad Budlúng gillde, sæte um kyrt i sínu vellde, so þeir ecke strídid hiellde.

Upp frá þessu ottast jeg kvad eidir geira, ad þier mumud meider yra, miklum sigri hiedann af stýra.

Ódling qvad þvi audnann ráda ollu munde, enn eige sá hinn illi standa, er þess stóur tilgietande.

Ansar Biarki eg hefe sagt þier ætlan mína, eflaust færdu eider steina,

einhvorn tíma þetta ad reina.

Leid so fram um lánga stund ad Lofdúng prúde, oyfa drífu eige háde, allt var kyrt á Dana láde.

Kóngar marger Skiolldúng skírum skatta gulldu, vonda menn med vopnum felldu, vid hann leinge trigder hielldu.

Hiet einn þeirra **Hiorvardur** sem hermir Saga, sistir **Hrolfs** nam Sióli eiga, seggium veitte nodru teiga.

Olík **Hrolfi** í allann máta audar giefne, vestra qvenna verri enn jafni, var hún kollud **Skulld** ad nafne.

Vid Budlúng eittsinn brikenn mælti báru ellda, af því ber eg ángrid kallda, vier eigum **Hrolfi** skatt ad giallda.

Eige skalltu upp frá þessu eidir spióta, under Kóngur Hilmers heita, bæfir ofs eige so ad breita.

Má ofs eins og morgum odrum Milldíng tiáde, Vísir hefur so vaska lide, vinnur eingenn þá í stride.

Ltilmenne þiki mier þú qvad þorna fryggia, fyrst eg giore þig á þad eggia

ia, eflauſt ſkal til rádinn leggia.

Hvor veit nema málma meidur meige ſigraſt, unneſt hefur eittſhvad fræg-ra, ei mun ſeirna verda hægra.

Eitthvad velldur Odlíng ſitur ætld heima, viſt mun hafa ſigur og ſoma, ſagdi vífed digda tóma.

Þó ſkióma freyr ſie ſkylldur mier Þad ſkal ei hlífa, ſigraſt mun fyrer utañ efa, eg ſkal þar til rádinn giefa.

Vid ſkulum ſenda bodſkap brátt þeim Budlúng millda, árenn þriú ad Þundur ſkiallda, þig um líde ſkatt ad giallda.

Efter lidinn árenn þeſſe eider geira, ſkióma runne ſkulum vid færa, ſkattinn rietta ſagde kiæra.

Bædi ſídann bref og menn til Budlúngs ſende, Kóngenn hitta runnar randa, ríkann qvoddu geimer landa.

Báru þennann bodſkap fram med bragde klóku, tignar giæddur giede ríku Gilfe nádi játa ſlíku.

Enn á medann ad sier safna audgrund náde, allshättudu illsku lide, óvinnande hiors i klide.

Drottníng þessu leyna liet med limsku æde, so eingenn madur á Ödlíngs láde, um þad tegund fregna náde.

Mengrund lætur magna seid og mikla kinge, so i rómu felldann feinge, fleina thr og landsins meinge.

Alfakins þad vísid var med vondsku tryllda, þess hlaut blídur bendir skiallda, bródir hennar eirn ad giallda.

I Hleidargardi Hilmir sat med hefd og prýde, síst ad þessum svikum gáde, sannast nú þad **Grani** spádi.

Skorte ei i Skiolldúngs hollu skiemtann væna, daglega med sína sveina, sund og tafl hann giorde reina.

Enn sem **Skulld** var albúinn med ita snialla, bió sig heimann bauga þella, bródur sinn so mætte fella.

Hielldu so til Hleidargards med hópinn þræla kyrtla brú ad kvellde Jóla, komenn var til hallar Sióla.

Reck-

Reckar sídann reistu tiolld á rogners qvendi, ságud öll med svofners sande, sáust eige slík á lande.

Paug voru bæde biort og laung med búning hreinann, allra handa vefnad vænann, veglegt perl og farfa grænann.

Lofdúng visse frægdar fullur fátt af slíku, hellst um peinkte hefd ólaka, holldum býtte mundar jaka.

Búid hafde vopna vidur veitslu góda, so hanns lof og fremdinn frída fretteſt út um heimenn vída.

Nær fannst enginn Níflúng jafn til nockra dáda, alla ment sem mann skal prída, mællt er bære lundur skída.

Er pad sagt ad alldrei hafe um æfi sína, veitta godunum virding ueina, vitsku prýddur hendir fleina.

Hier næst seiger **Hiallti** geinge **Hugarprwdi**, hollu frá á fogru láde, fridlu sína hitta náde.

Tiolldenn Skulldar tigenn lítur tiorgu riódur, enn hann gaf sig eige vidur auds hiá giefne lagdist nidur.

Þá leigid hafde litla stund hiá lauka þollu, á fætur spratt med æde illu, og so spurde stna fridlu.

Tvo hvort villde tvk ellefta tvinna lína, helldurenn eirn sem eg vil greina, áttrædann qvad lundur fleina?

Tvk elleftann tel eg betri tiáde fridla, hvad munu eikur ofners palla, eiga vilia gamla kalla.

Þeirra orda þú skallt giallda þegnenn inner, gieck ad vlfe geirá spenner, giordi byta Nefid af henne.

Upp frá þessu Eider sagde unnar mána, fáer hygg eg Falldalína flugiest á um prhde þína.

Vondslega hefur þú vid mig breitt og verr enn illa, svarade Eikinn svofners palla, soddann dæme finnast valla.

Ei má nú vid ollu siá qvad orfva vidur, vopn sín þrifur málma meidur, med þad gieck i burtu reidur.

Heim

Heim til borgar halurinn veik frá hringa þellu, þá var kringum Þeingils hollu, þokid allt med fólke sniollu.

Heimdallz brúdur hristist vid af harke stóru, i midium hernum merke báru, málud oll af gulle kláru.

Sier hann nú ad síst er frítt hiá seggia tiolldum, garpurinn þeinkte giædd-ur snilldum, ad greina þetta Konge milldum.

Hiallti gieck i hollu þá og Hilm-er qvedur, veik ad Kónge makrar madur, mællte þannenn halurinn gladur.

Herra Kóngur vakna vid qvad vop-na spenner, her er kominn ad hollu þin-ne, hentar ei vier sitium inne.

Giet eg aukist gullid lítt og griper dýrer, vid skattinn þann sem **Skulld** þier færer, skrimners mællti raddar tærir.

Henne filgir **Hiorvardur** med hópinn tryllda, ei mun hyggia Eidir skiallda, Ydur leingur skatt ad giallda.

Hiallti bad þá heitord sín med hreyste efna, fliúm ei þar fleinar rofna

fag-

fagrar briniur látum klofna.

Bilum ei ad beita geir vid hauga linde, verium frídann fleigir randa frægstann Herra Nordurlanda.

Launum honum vopnenn væt og virding mæta, ofs hefur giort med æru peita, eidir talade góens reita.

Látum þetta lída ſveit um londinn fregna, ad Vlfer hafe ſo vaſka bragna, vidris ellda flugid magna.

Stucku á fætur ſtolltar menn og ſtálid benda, brinium ſkríddust briótar randa, búner vel i hlífum ſtanda.

Hlióp á fætur **Hromundur** hiñ **Hardi** kiendur, **Hrolfur** annar hríngalundur, herians kunne rióda tundur.

Svipdagur er ſeggium næſt í Sogunne taldur, **Hvitſerkur** hanns hýre milldur, hrehſte madur og Kappe gilldur.

Brodir þeirra **Beigalldi** ſá beitte geire, **Harddrepill** og **Haki** hinn **Stoore**, hrauſtare hverium ſtála þóre.

Hinn

Hinn áttunde **Hæleggur** ad heite greindur, **Sterki Dettur** stíside rendur, **Storulfur** hinn mikle kiendur.

Hinn ellefti **Hiallti** var sá **Hugarprwdi**, tólfti **Bavdvar** tignar fride, tiorgu vidur kiærn i stridi.

Ódling siálfur uppstód þá med ongvann qvida, dreckum fyrst og giorum ofs glada, Gilfi tier med vitsku hrada.

Seiged **Skulld** ad Doglings drótt sig drecke káta, ádur enn skodum skattiñ mæta, skir qvad runnur orma stræta.

Frette Drottníng oll þaug ord sem Ódling tiáde, inte hún þá og andvarpade, er ad slíkum mikill skadi.

So fanst mikid seggia drótt um Siklings prýde, sierhvor madur á Lofdungs láde, liúfann Herra prísa náde.

Lat eg hvylast loodens val um liitinn tiima, hvorge i burtu iau skal sveima, i sagnarlandi dveliast heima.

18da Riima.

Fals

Fals skal láta fley af stad, fliódinn tát ef hlyda, freyu gráta grer mig bad, gillings bát ad smída.

Breittann skylldi efna ód, ef hann villdi læra, seima hillde og seggia þióð, sónar gillde færa.

Veiter tregt um virsku land, vís um frekt ad breita, dofnar spekt enn hodnar bland, bøgulegt má heita.

Dvínar mátt vid mærdar slag, mansavngs þátt ad greina, vandann hátt þó veikt sie lag, verdur brátt ad reina.

Maals um hlid þar liet eg liósk, liodinn vidur þreyia, Ræfers lid til rómu biósk, ríta klid ad heyia.

Fylker hir á fætur spratt, frægdeñ skír haun prýdde, hringa tír med hiartad gladt, hlífum dýr sig skrýdde.

Øldenn þeiste út af holl, orku treyste leinge, merkinn reiste vídt um voll, valid hreyste meinge.

Hollu hiá á græinne grund, geyra stiá þar hádu, bragnar þá um bifurs sprund

sprund, **Bavdvar** sía ei nádu.

Daudur hyggur Hilmir nú, hiors sie Yggur kiære, eda triggur týrs á trú, tekinn hriggur være.

Grams frá tiolldum geisar lid, glymur i skiolldum recka, brognum voldum baud ei grid, blies af kolldum ecka.

Bregdur skióma borgar lid, blies i tóma sikla, bediann oma bisast vid, byriadest romann mikla.

Hrolfur reid i Fylking fram, fyrda sneid um velldi, margur beid þar skióta skam, skotnum deyd hann selldi.

Skiolldúng snar vid skióma þar, skofnúng bar i hende, allt eins var og elldingar, áfram, hvar sem rende.

Afram vedur likt sem lión, lands menn gledur fróma, valkost hledur vídt um fron, vænum medur skióma.

Kappar hanns vid fleina flód, fram i krans þar rída, ullar brands med golners glód, grua manns þeir snída.

Hiallti

Hiallti tier vid hollda þá, hiálma grer hinn fríde, allmorg er nú briniañ blá, hroſtinn hier i ſtríde.

Hiálmar góder hoggner ſenn, hníginn þiód med naudir, marger froder frægdar menn, ſlióta i blodi rauder.

Holldar ſpenna hiallta nad, heiftinn brenna náde, ſliótlega renna fylking ad, frægdar menn á láde.

Lofdúng berſt i laufa þrá, leinge verſt med prýdi, margur ſkierſt þar eggium á, olldinn ferſt i ſtríde.

Hiorvard þá og horvar brands Biorn einn ſiá i kífe, Sióla hiá og ſeggium hanns, ſagt er fáum hlífe.

Hiorvards þiód med hrommum ſlær, hrunde blód um dreinge, benia flód i bellte nær, Budlúngs ód þad meinge.

Dogling frída dýred ver, drepur líd um velldi, illann qvída olldinn ber, ángred ſtrída hrellde.

Hilmers drótt nam hrockva vid, hallaſt fliótt á þegna, fiell ſo ótt med

æde

ede lid, undrum þótte giegna.

Hernum frá i hiorva þey, **Hiallti** þá hinn **Prwdi**, **Bavdvar** sá hiá seggium ei, sorgar þrá hann lúdi.

Hvad mun vallda hýr þá tier, Hyrder Skiallda fródur, orustu hallda ei vill hier, oturs giallda riódur.

Orva grer ei ámæl þú, Odlíng tier hinn ríki, einginn er á yggiar frú, yckar hier hanns líke.

Hiallti rann til hallar þá, hús eitt fann ad bragde, **Bavdvar** vann þar sídann siá, situr hann og þagde.

Þorna sveiger þdur qvad, þá vid fleiger skída, mier er treige þýngstur þad, þú villt eige strída.

Orustu helldur Herra þinn, hanns er felldur lídur, hvoriu velldur hlýre minn, hárs ei elldur snídur.

Ef þú fer i odda þrá, ei med mier ad bragde, brádlega hier skalt brenna þá, bauga grer só sagde.

Þier munud lída last og spie, landsum vída geima, þinn ad strída Þeingill

gill fie, enn þú skuler bída heima.

Upp nam standa þegninn þá, þúng um anda stinur, við meidir randa mællte sá, móens landa hlinur.

Sóma giæddur sagde þá, sárum mæddur púnum, ei er eg hræddur hiors i þrá, hlífum klæddur mínum.

Hef eg ei nú um æfi enn, odda flúid messu, þó að hafe snúed ótal meñ, ef þú trúer þessu.

Giftíng há og gofuga mægd, Gilfa á eg þacka, orma lá og aura nægd, eidir tiáer stacka.

Vil eg því feigenn veria brátt, vaskann fleyer sverda, enn mier seiger þánkinn þrátt, þad mune eigi verda.

Mundum vier i vopna þvig, vinna hier þá alla, hefdud þier ei hindrad mig, hiálma grer nam þialla.

Helid stránga Kappinn qvad, Kóngs því fánga lídir, síðann gánga orustu að, ullar þvánga frídir.

Sverd med æda itar brautt, undir blada virda, eingiñ qvæda

þacke

þacke þatt, þrytur rædann stirda.

19da Riima.

Endir feck þar frædadans, fyrr i þagnar inne, Bavdvar gieck til bardagans, búenn reidu sinne.

Skifte þá so skiótt um strid, skal þad greint i óde, brognum frá i brandahríd, Biornenn hvarf hinn góde.

Þángad til sem greinir greitt, grim á vopna þinge, audar bil gat eige heitt, orkad fyr med kinge.

Sest hún þá á seid hiallinn, sveif ad myrkrid hrennum, tofra gná med trollskap sinn, tínde ótal mennum.

Elder þá vid laufa fund, lánga mæde kienna, þar næst siá um græna grund, gollt einn mikinn renna.

Ørfvar drifu ótal senn, af hanns vonda búke, daudir blífu Dogltings men, dors i hvossu siúke,

Bavdvar reidde bifurs glód, bragna ótal fellde, halurinn eidde Hiör-

vards þiód, haus af morgum skiell-di.

Dínu linna þollur þá, þakenn Sigthrs fellde, hugde vinna mest sem má, medann lífe hielldi.

Riddarinn beste randir skar, rídur fylking giegnum, háa kieste halur-inn þar, hlod af daudum þegnum.

Halurinn nhtur hiors i klid, hollde-um leyfde elle, alldrei þrhtur illskú lid, ótal margt þó fielle.

Þike mier driúgur þesse her, þá nam **Bavdvar** spialla, illsku múgur alldrei þver, er þad siálfrádt valla.

Fiolga naudir fleins qvad ver, frídum vopna hlinum, segger dauder shnist mier, sæke ad ofs med hinum.

Þad má heita þrautenn strid, þundur taladi bauga, bágt mun veita Budlúngs lid, ad beriast hier vid drau-ga.

Hier þó meige Doglings drótt, daprar naudir finna, hofum vier eige afl nie þrótt, illsku þiód ad vinna.

Sie

Sie jeg nú þann hiá seggium ei,
sem mig eggia náde, hvad mun hann
vid hiorfa þey, hafast ad á láde.

Hier er sá hann **Hiallti** qvad,
hvorn þú villdir finna, allir siá nú itar
þad, eg hefe nóg ad vinna.

Hiálmur minn er hoggvenn smátt,
hier med briniann frída, eirnenn finn eg
múka mátt, margar undir svída.

Hiorvards odd skal hlífa síst,
huxum gott til vista, þvi i qvodld sem
veit eg víst, **valholl** fáum gista.

Bavdvar svinnur svara ried,
seggium þannenn tiáde, **tiiusinnum** og
tvisvar med, Tirfingz iel eg háde.

Brognum morgum bana veitt, í
branda jelunum þraungvum, þussum korg-
um þar med eidt, og þokad mier fyrer
aungvum.

Fordum Gram eg físte á, finna
Adils skyllde, þúnga nam og þiáning
fá, þrællinn pretta gilldi.

Þó var eige þrautinn sú, þessu
samjafnande, flest eg seige fallid nú

fólk i voru lande.

Adann fann eg hiors i hrid Hiorvard Kong á láde, og vid hann um eina tíd, odda jelid háde.

Laufa briótur lag mier gaf, leingi þess eg kiende, hond og fót eg honum af, hió med benia vende.

Øxl med sídu egginn blá, af honum líka rende, i hogge strídu hió eg þá, halurinn dauda kiende.

Þannenn brá vid bauga þund, blies vid hátt af mæde, og so lá um litla stund, líkt sem sofna nædi.

Afturgeinginn gaurinn er, grimmur i jele randa, madur einginn megnar hier, móti þessum fianda.

Oss á móte eg hefe grun, eidir taladi seima, Odinn lióte illur mun, ógnarlegur sveima.

Kynni eg hann hiá seggiuu siá, sagde halurinn gillde, svikara þann i sverda þrá, sundur kreysta skilldi.

Talinu hættu tignar menn tóku so ad strída, þúngum mættu þrautum enn, þegnum under svída.

Kóng-

Kóngurinn bardist kiærn vid dør, klyfur **Hiorvards** meinge, uhtur vardist bauga bor, bædi vel og leinge.

Holldar gillder hríng um slá, hirder nodru kletta, bófar tryllder þeinktu þá Þeingil lífe fletta.

Skatnar siá i skióma hríd, **Skulld** var komenn hin leida, audargná sinn illaun líd, eggiade Kóng ad deyda.

Þegar hún sier ad hetiur hanns, honum fiærre standa, safnast herenn samann i krans, og sóktu ad runne branda.

Bavdvar sára súr þá bar, sorgar spenntur línum, hetiann klár ei kunne þar, Kónge ad silgia sínum.

So var lióma lægers grier, liúft med honum ad deigia, sem i blóma sínum hier, Siola hiá ad þreigia.

Siklíngs þiódenn sár og stríd, so var deydd i kífe, ad efter stód af Ódlíngs líd, eige neirn med lífe.

Nema blíder niotar stáls, Níflúngs kappar snialler, þundar fríder þiassa máls, þo voru særder aller.

Hárs á mey þad hiorva regn, hrædilega geingur, kunne eige mannlegr megn, mæta þessu leingur.

Galldra

Galldra hrsdinn gieck so á, med grimmu hesstar æde, sirdar blíder siellu þá, slatir loks af mæde.

Fylkir siálfur og fremdar lid fiell i þessu stríde, seima álfur Sogguna vid, so er skilinn med þrýde.

Hiorvards þiód vid darra dans, drepenn lá i kíse, so ester stód af illsku sanns, eige neirn med líse.

Taka riede resla grund, ríke Kóngsins fróma, enn sú glede slutta stund, stód med litinn sóma.

Brædur hrader Bavdvars tveir, bragna daudann fretta, hesndu glader Peingils þeir þundar linna stietta.

Vøggur efnde vel sín heit, virdum fylgia náde, reckar stesna sinne sveit, samann á Dana láde.

Illsku Vise óvart senn, ad þeir giordu stesna, dráþu i kíse drósar menn, og Døglings allvel hefna.

Aptur Ríkid ullar brands, unnu so i stríde, Kóngsens lik og hølldu hanns, heyia þeir med þrýde.

Vopnenn gódu þar hiá þeim, þegnar lietu standa, sídann þiódinn helldur heim, hvør til sinna landa.

Qved eg búinn KRAKA hátt, kominn er bragur á enda, felli eg lúinn þennann þátt, þar skal Rímann lenda.

Halers Stietta Bar mig bad, Berlings seing ad mála, sendi eg þetta Sogu blad, sidugum runne stála.

Þorvallds riira þundar bland, þañiñ liña hliítur, Hleidolfs dyra hind vid land, hrodrar smidurinn brytur.